

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. október 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Dórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING

Um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærings- og kolmunnaafurðum fyrir tímabilið frá 1. september til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærings- og kolmunnaafurðum fyrir tímabilið frá 1. september til 31. desember 1977:

Mjöl, \$ 6,00 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 10%.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1=206 00.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnu verðbili.

Lýsi, \$ 410 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1=205.40.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við 55% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. október 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Dórður Ásgeirsson.